

Dalvík hola 10

Guðjón Guðmundsson

Greinargerð GjG-88-03

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1988-06-15

Greinargerð
GjG-88/03

DALVÍK HOLA 10

HALLAMÆLINGAR Í HOLU 10

Hallamælingar voru gerðar á holu 10 þann 25. maí 1988. Notaður var Leutert segulhallamælir Orkustofnunar sem gefur halla ásamt stefnu. Mælir þessi er í raun myndavél sem tekur mynd af seguláttavita ásamt pendul sem sýnir hallann. Afstaða pendulsins til áttavitans gefur stefnuna til kynna. Þar sem notaður er seguláttaviti er það skilyrði að segulsviðið á mældýpi sé ekki truflað vegna návistar segulmagnaðra efna t.d. fóðringa. Þess vegna er ekki lesin stefna í 100 m dýpi. Þegar valdir voru mælipunktur til hallamælinga var tekið tillit til víddar- og viðnámsmælinganna sem gerðar voru á undan. Samkvæmt jarðlagagreiningu ÓBS eru punkturnir í ummynduðu basalti.

Við reikninga á legu holunnar er notað reikniforritið UTV frá Sperry Sun. Gert er ráð fyrir 22 gráðu vestlægri misvísun. Eins og áður sagði var ekki lesin stefna í 100 m punktinum (í fóðringunni) en gefið að holan hefði þar sömu stefnu og í næsta punkti neðar. Neðsti mældi punktur er á 750 m dýpi en hægt er að skoða hvar holubotninn gæti verið með að gefa sér sömu stefnu og örlítið minnkandi halla eins og punturinn í 750 m gefur tilefni til. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 1. Tveir öftustu dálkarnir sýna frávik frá lóðlínu í metrum (hliðrun).

TAFLA 1 Hallamælingar í holu 10.

dýpi (m)	halli (°)	stefna (°) segulnorður	stefna (°) landfr. norður	hliðrun m norður	hliðrun m vestur
100	0.5				
250	1.0	N-10-A	348	1.3	1.4
390	1.8	N-35-A	13	3.8	1.8
550	3.0	N-27-A	5	9.1	1.1
750	2.7	N-35-A	13	17.1	0.0
820	(2.5)		(13)	(19.6)	(0.5 austur)

Eins og sjá má virðist holunni halla til norðurs og niðurstaðan sú að botn holunnar á rúmlega 820 metra dýpi sé tæpum 20 metrum norðan lóðlínu.

Hafa ber í huga þegar niðurstöður eru metnar að aðeins eru mældir 4-5 punktar og að ekki er útilokað að segulmögnum jarðlaga hafi áhrif þó mælistaðir hafi verið valdir í ummynduðu bergi.

Reykjavík, 15. júní, 1988
Guðjón Guðmundsson